

FUNDARGERÐ

296. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, 20. mars 2026 og hófst kl. 12:00.

Mætt voru stjórnarmennirnir Stefán Jón Hafstein, Ingvar Smári Birgisson, Diljá Ámundadóttir Zoega, Eiríkur S. Svavarsson, Auður Finnbogadóttir og Katrín Viktoría Leiva, í fjarveru Heimis Más Péturssonar. Silja Dögg Gunnarsdóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir og Kristín Sóley Björnsdóttir sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Að auki sátu fundinn Anna María Benediktsdóttir áheyrnarfulltrúi, Stefán Eiríksson útvarpsstjóri (í gegnum fjarfundarbúnað) Björn Þór Hermannsson fjármálastjóri og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð. Eyþór Guðjónsson endurskoðandi félagsins var gestur fundarins og Bryndís Dagsdóttir forstöðumaður fjármáladeildar RÚV.

Meth

1. Samstæðureikningur Ríkisútvarpsins ohf. 2025

a. Samstæðureikningur 2025

Fjármálastjóri, Björn Þór Hermannsson, kynnti samstæðuársreikning RÚV fyrir árið 2025 sem var áritaður af endurskoðanda félagsins án fyrirvara.

Samkvæmt rekstrarreikningi var ríflega 14 milljón króna hagnaður af rekstri RÚV ohf. á árinu 2025 og nam viðsnúningur í afkomu félagsins 203 milljónum króna milli ára. Rekstrartekjur námu 9.389 m.kr. og jukust um 240 m.kr. milli ára eða 2,6% en að teknu tilliti til verðlagsþróunar þá lækkuðu tekjurnar um 1,4% að raunvirði milli ára. Rekstrargjöld námu 9.020 m.kr. og jukust um 48 m.kr. milli ára eða 0,5%. Laun- og launatengd gjöld námu 3.910 m.kr. og jukust um 29 m.kr. milli ára eða 0,7%. Að teknu tilliti til verðlagsþróunar lækkuðu launaútgjöldin á hinn bóginn milli ára. Meðalfjöldi stöðugilda á árinu var 269 og fækkaði um sex á milli ára en unnið hafi verið að því frá miðju ári 2024 að draga úr launakostnaði til að bæta afkomu félagsins. Annar rekstrarkostnaður, að frátöldum afskriftum, nam 4.580 m.kr. og stóð nánast í stað milli ára. Að teknu tilliti til verðlagsþróunar lækkaði kostnaðurinn um 4%.

Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur námu 354 m.kr. og lækkuðu um 11 milljónir króna milli ára. Þar vógust á annars vegar aukin fjármagnsgjöld vegna gengistaps á árinu og hins vegar lækkun fjármagnsgjalda í takt við lækkun verðbólgu milli ára og aukning fjármagnstekna til samræmis við bætta sjóðstöðu á árinu.

Í árslok námu heildareignir 10.036 milljónum króna og jukust eignir félagsins um 729 milljónir króna milli ára. Handbært fé, að teknu tilliti til skammtímaskulda við lánastofnanir, jókst um 659 milljónir króna milli ára. Þar af séu 561 milljón króna vegna þess að framlag ríkisins vegna janúarmánaðar 2026 var greitt fyrir árslok 2025. Að því frátöldu jókst handbært fé um 97 milljónir króna milli ára vegna ársins 2025 en ekki 659 mkr, þar sem félaginu barst framlag ríkisins fyrir janúar 2026 að fjárhæð 561 mkr. fyrir áramótin 2025/2026 líkt og kemur fram í skýrslu stjórnar.

Skuldir félagsins í árslok námu 8.399 milljónum króna og jukust um 154 milljónir króna milli ára þegar leiðrétt hefur verið fyrir fyrirframgreiddum tekjum. Langtímaskuldir jukust um 70 milljónir króna vegna verðlagshækkana umfram afborganir af verðtryggðum skuldum félagsins. Þá jukust aðrar fjárskuldir um 196 milljónir króna sem fyrst og fremst má rekja til aukningar í sýningarrétti á íþrótaefni. Eigið fé í árslok nam 1.636 milljónum króna og var eiginfjárlutfallið 16,3% í árslok 2025 og lækkaði um 1,1% milli ára.

Markmið stjórnar hafi verið að rekstur RÚV sé ávallt yfirvegaður og hallalaus. Á árinu 2025 náðist að snúa við rekstri félagsins og tryggja hallalausan rekstur þrátt fyrir að tekjur félagsins hafi dregist saman að raunvirði milli ára. Bættu afkomu má einkum rekja til þess að gripið var til ráðstafana um mitt ár 2024

AKSB *153*

til að bæta afkomu og sjóðstöðu félagsins. Þær aðgerðir skiluðu sér einnig á árinu 2025, meðal annars í fækkun stöðugilda og þar með raunlækkun á launakostnaði með jákvæðum áhrifum á rekstrarafkomu og sjóðstöðu félagsins.

Þá sé mikilvægt að tryggja að reksturinn sé sjálfbær til langs tíma litið. Í því felst að skuldsetning félagsins sé viðráðanleg og lausafjárstaðan með þeim hætti að félagið geti mætti óvæntum áföllum í rekstri. Skuldir RÚV hafi um árabíl verið miklar, m.a. vegna uppgjors á eldri líffeyrisskuldbindingum. Í því sambandi sé vakin athygli á því að í desember sl. kynnti menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra sérstaka aðgerðaáætlun stjórnvalda í málefnum fjölmiðla en ekki sé gert ráð fyrir að þær aðgerðir taki gildi fyrr en í ársbyrjun 2027 og hafi áhrif á rekstur og efnahag félagsins frá og með þeim tíma.

b. Skýrsla endurskoðenda

Eypór Guðjónsson endurskoðandi fór yfir skýrslu endurskoðanda. Það sé álit endurskoðenda félagsins að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla eins og þeir hafi verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótar kröfur í lögum um ársreikninga. Það sé jafnframt álit þeirra að þær upplýsingar sem koma fram í endurskoðunarskýrslunni til endurskoðunarnefndar sé í samræmi við 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014. Þeir telji að við endurskoðunina hafi verið við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit þeirra á samstæðureikningnum.

Mat á samningsbundnum sýningarréttindum hafi verið lykilatriði í endurskoðun á ársreikningi samstæðunnar þar sem hann sé verulegur liður í efnahag félagsins. Fenginn var listi yfir öll sýningarréttindi og listinn afstemmdur við fjárhag, nýir samningar á árinu voru staðfestir með úrtaksskoðun og farið var yfir samningstíma sýningarréttinda og lagt mat á forsendur stjórnenda við nýtingu og niðurfærsluþörf á samningsbundnum sýningarréttindum. Gerð var ábending um úrbætur á verkferlum en að öðru leyti komu engar verulegar skekkjur fram við endurskoðunina.



Endurskoðendur félagsins vildu að lokum þakka fyrir mjög gott samstarf við fjármáladeild RÚV við endurskoðunina og að allir tímafrestir hafi verið virtir.

Stjórn RÚV samþykkti ársreikninginn með áritun sinni.

2. Árangursmat stjórnar

Í samræmi við 10. gr. starfsreglna stjórnar RÚV þar sem fjallað er um árangursmat lagði stjórnin mat á störf sín, verklag og starfshætti og fól formanni að koma ábendingum á framfæri við stjórnendur félagsins.

Fundi slitið.



Tegvan Smári Þingsson

Ástveit Finnbjörgsdóttir
Kristín Sól Þórunsdóttir